

Priðjudaginn 11. desember 1973.

Nr. 115/1972: **Guðný Helgadóttir**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Skólanefnd Héraðsskólans í Skógum

f. h. skólans og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Stjórnsýsla. Skaðabótamál. Kennarar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1972 og krafizt þess, að stefndu verði gert að greiða sér óskipt kr. 255.131.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hún hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 7. september 1972.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skólanefnd Héraðsskólans í Skógum er skipuð samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1946 með því hlutverki, er einkum segir um í 10. gr. sömu laga og í stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt greindum lögum. Svo sem verksvið skólanefndarinnar er markað í lögum, er hún ekki í fyrirsvari fyrir skólann í máli sem þessu, þar sem fjárkröfur eru uppi hafðar á hendur skólanum. Ber að vísa kröfum áfrýjanda á hendur skólanefndinni f. h. Héraðsskólans í Skógum frá héraðsdómi.

Menntamálaráðuneyti setur eða skipar fasta kennara við skóla gagnfræðastigs, og taka kennarar laun úr ríkissjóði, sbr. lög nr. 49/1967, 16. gr. Setti Menntamálaráðuneyti áfrýjanda hinn 28. ágúst 1969 kennara við Héraðsskólann í Skóg-

um „um eins árs skeið frá 1. september 1969 að telja“. Áfrýjandi telur, að Sigurður K. G. Sigurðsson, settur skólastjóri Héraðsskólans í Skógum, hafi heitið sér því vorið 1970, að hún skyldi fá aukið íbúðarrými í skólahúsinu næsta skólaár. Á þeim tíma hafði henni ekki verið falið af réttum stjórnvöldum að hafa á hendi kennslu það skólaár, er í hönd fór. Fyrirheit skólastjórans gat samkvæmt þessu eigi aflað áfrýjanda réttar, og þykir hún eigi hafa sýnt fram á viðhlitandi lagagrundvöll fyrir kröfum sínum á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og ber að sýkna hann í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

D ó m s o r ð :

Kröfum áfrýjanda, Guðnýjar Helgadóttur, á hendur skólanefnd Héraðsskólans í Skógum f. h. skólans er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 16. júní 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðný Helgadóttir, Vík í Mýrdal, höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni hinn 6. apríl 1971, á hendur skólanefnd Skógaskóla og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 255.131.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1970 til

greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði hvor fyrir sig og báðir saman algerlega sýknaðir, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Stefnandi, sem er handavinnukennari að mennt, kenndi handavinnu við Skógaskóla skólaárin 1968—1969 og 1969—1970. Vorið 1970 ræddi hún um það við þáverandi skólastjóra, Sigurð K. G. Sigurðsson, að hún mundi kenna við skólann veturinn 1970—1971, en þar sem hún væri barnshafandi, teldi hún sig þurfa meira húsnæði en hún hafði áður haft, og lofaði skólastjórinn henni því. Sigurður K. G. Sigurðsson lét af skólastjórn 1. september 1970, og tók Jón R. Hjálmarsson við stjórn skólans. Er stefnandi ræddi við Jón, neitaði hann að láta stefnanda fá húsnæði það, sem um hafði samizt milli hennar og fyrrverandi skólastjóra. Vegna þessa taldi stefnandi brotinn á sér þann samning, sem hún hafði gert um ráðningu sína, og kom ekki til starfa við skólann.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hún réðst að Skógaskóla í upphafi, hafi hún eingöngu átt við þáverandi skólastjóra, Jón R. Hjálmarsson, um ráðningu sína, en um endurráðningu sína hafi hún eingöngu átt við Sigurð K. G. Sigurðsson, sem þá hafi verið orðinn skólastjóri. Kveðst stefnandi aldrei hafa rætt við formann skólanefndar eða aðra skólanefndarmenn um ráðningu sína við skólann, hvorki árið 1970 né fyrri árin. Stefnandi kveður hafa verið gengið frá því milli sín og þáverandi skólastjóra, Sigurðar K. G. Sigurðssonar, vorið 1970, að hún yrði áfram handavinnukennari í skólanum. Kveðst hún þá einnig hafa farið fram á það við skólastjóran, að hún fengi á næsta skólaári að fullu til afnota tveggja herbergja íbúð í skólahúsinu, sem hún hafði haft að hluta undanfarin tvö ár. Stefnandi kveðst hafa átt von á barni og kveðst hafa ætlað að hafa barnið hjá sér. Kveðst hún hafa verið búin að tryggja sér barnagæzlu hjá Guðlaugu starfsstúlku á staðnum, á meðan hún sjálf væri frá við kennslustörf. Kveður hún Guðlaugu hafa ætlað að búa hjá sér í öðru herberginu og aðstoða sig við barnið, eftir því sem hún gæti. Kveður stefnandi útilokað hafa verið fyrir sig að hafa barnið hjá sér, nema að fá full afnot íbúðarinnar. Stefnandi kveður Sigurð skólastjóra strax hafa samþykkt, að hún fengi full afnot íbúðarinnar. Stefnandi kveðst hafa verið búin að heyra, að svo kynni að fara, að Sigurður yrði ekki áfram skólastjóri við skólann. Stefnandi

kveðst hafa treyst á það, að endurráðning sín til kennslustarfa leiddi a. m. k. til setningar sinnar sem kennara, en þó öllu fremur til skipunar, en þó hafi komið að því, að hún hafi verið felld út af launaskrá 1. september. Á þessu kveðst hún hafa fengið þá skýringu hjá ríkisféhirði, að hún hefði fallið út af launaskrá um mánaðamótin ágúst—september, þar sem engin tilkynning hefði komið frá fræðslumálaskrifstofunni um endurráðningu hennar. Stefnandi kveður sér hafa verið þetta með öllu óskiljanlegt, þar sem Sigurður skólastjóri hafi sagt sér, að frá þessu yrði öllu gengið. Stefnandi kveðst ekki hafa náð sambandi við Sigurð og kveðst hafa frétt, að hann væri fluttur frá Skógum og ráðinn skólastjóri á Ísafirði. Hún kveðst nú hafa flutt búslóð sína austur til Víkur, þar sem tími til kennslu hafi óðum stytzt. Hún kveðst hafa frétt, að Jón R. Hjálmarsson, sem ráðinn hafi verið skólastjóri frá 1. september, væri ekki kominn frá Selfossi. Strax og hún frétti, að Jón var kominn að Skógum, kveðst hún hafa farið til viðræðna við hann og hafi það verið laugardaginn 26. september. Kveður stefnandi Jón hafa sagt, að hann skildi ekkert í Sigurði að endurráða hana ekki. Kveðst hún hafa spurt, hvort það stæði, sem Sigurður hefði lofað henni. Kveður hún Jón hafa sagt, að hann gæti ekki látið hana hafa íbúðina, en hún gæti fengið annað herbergið eins og hún hefði haft, en ráðskonan yrði í hinu ásamt þrem dætrum sínum. Kveður hún Jón jafnframt hafa sagt, að Sigurður hefði ekkert leyfi til að lofa íbúð þeim kennara, sem ekki væri ráðinn. Stefnandi kveður þetta hafa komið sér mjög á óvart. Hún kveðst hafa spurt, hvenær nemendur ættu að mæta, og hafi Jón svarað, að þriðji og fjórði bekkur mundu koma sunnudaginn 4. október, en annar bekkur sunnudaginn 11. október. Kveðst hún þá hafa spurt, hvort hún gæti fengið frí vikuna 4.—11. október, en það hafi Jón ekki talið hægt, þar sem mest kennsla væri í þriðja og fjórða bekk. Stefnandi kveður Jón hafa sagt sér að koma þriðjudaginn 6. eða miðvikudaginn 7. október. Hún kveður hann hafa sagt, að hann ætlaði að ganga frá ráðningu hennar næsta mánudag. Eftir að hún hafi hugleitt mál þetta, kveðst stefnandi hafa hringt til Jóns rétt fyrir kl. 1800 sunnudaginn 27. september og sagt honum, að ef hún fengi ekki þessa ákveðnu aðstöðu, sem Sigurður hefði lofað henni, þá gæti hún alls ekki mætt, enda væri hún með nokkurra vikna gamalt barn. Hún kveður Jón hafa sagt, að hann gæti ekki veitt henni þá aðstöðu, og jafnframt spurt, hvort hún þyrfti svona mikið húsrými. Kveðst stefnandi hafa sagt svo vera og hafi Jón þá endurtekið, að íbúðina gæti hann ekki látið hana fá.

Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að það næði þá ekki lengra og þá gæti hún ekki mætt. Varðandi húsnaði í skólanum hefur stefnandi skýrt svo frá, að í skólahúsinu sjálfu séu tvær íbúðir. Kveðst hún hafa búið í öðru herbergi annarrar íbúðarinnar, en í hinu herberginu hafi ráðskona skólans búið og hafi svo verið, á meðan hún dvaldist við skólann. Stefnandi telur ráðskonu þá, sem var við skólann veturinn 1969—1970, hafa ráðizt að nýju að skólanum haustið 1970 og muni hún þá hafa búið í sama herberginu með þrem dætrum sínum. Í hinni íbúðinni í skólahúsinu kveður stefnandi stærðfræðikennara skólans hafa búið ásamt fjölskyldu sinni, en hann hafi látizt í desembermánuði 1969. Stefnandi kveður ekki hafa verið búið í íbúð þessari veturinn 1970—1971, en eitthvað muni hafa verið unnið að lagfæringum á íbúðinni. Stefnandi kveður stærðfræðikennara þann, sem ráðinn var að skólanum haustið 1970, hafa verið ókvæntan og hafi hann fengið húsnaði á gangi á næstu hæð fyrir neðan húsnaði það, sem hún hafði. Stefnandi kveðst hafa greitt húsaleigu fyrir herbergi það, sem hún hafði til afnota í skólanum. Stefnandi kveður sig og unusta sinn hafa staðið í því að byggja hús í Vík í Mýrdal haustið 1970 og hafi þau treyst á það, að hún héldi starfi sínu við skólann. Kveður hún þau hafa gengið í hjónaband 12. desember 1970. Er ekki varð af því, að hún héldi starfi sínu við skólann, kveður hún foreldra sína, sem búa í Reykjavík, hafa boðið sér til sín með barnið, til þess að hún gæti farið að vinna úti, ef hún fengi vinnu. Stefnandi kveðst hafa fengið vinnu í verzlun einni hér í borg síðari hluta októbermánaðar og kveðst hafa unnið þar þar til í marzmánuði. Frá því í marzmánuði 1971 kveðst stefnandi hafa búið í Vík í Mýrdal og unnið úti frá því í lok aprílmánaðar.

Vitnið Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, fyrrverandi skólastjóri Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um vorið 1970 fyrir skólaslit, að það hafi verið gengið frá því munnlega milli sín og stefnanda, að hún yrði áfram handavinnukennari við skólann, en það hafi verið fortakslaust skilyrði af hálfu stefnanda, að hún fengi tveggja herbergja íbúð á annarri hæð í vestur-enda skólahússins, en annað þessara herbergja hafi hún haft undanfarin tvö ár. Kveðst Sigurður hafa lofað stefnanda þessu. Sigurður kveður ástæðuna fyrir þessu skilyrði stefnanda hafa verið þá, að hún hafi átt von á barni, og hafi hún ætlað að hafa barnið hjá sér. Ekki kveðst hann hafa spurt stefnanda að því, hvernig hún hafi hugsað sér að haga gæzlu og umönnun barnsins, enda kveðst hann hafa talið það einkamál hennar, en hann kveðst hafa

ætlað að ræða það mál við hana, áður en skólinn byrjaði, ef hún yrði áfram við skólann. Þegar skólanum var slitið vorið 1970, kveðst Sigurður hafa skýrt skólanefndarformanni, Birni Fr. Björnsyni, frá því, að kennaralið skólans yrði óbreytt næsta skólaár að öðru leyti en því, sem þá þegar hafi verið vitað, að starf skólastjóra hafði þá verið auglýst og einnig starf kennara í stærð- og eðlisfræði. Ekki kveðst Sigurður viss um, að hann hafi skýrt skólanefndarformanninum frá því, að hann hafði lofað stefnanda einni afnotum íbúðarinnar, enda kveðst hann telja það atriði hafa verið hreint framkvæmdaatriði. Kveðst hann telja, að hægt hefði verið að láta öllum þeim, sem störfuðu við skólann, í té fullnægjandi húsnæði þrátt fyrir það, þótt stefnandi hefði fengið einkafnot umræddrar íbúðar. Eftir skólaslit 1970 kveður Sigurður skólanefndarfund hafa verið haldinn og hafi hann mætt á þeim fundi. Hann kveður eitthvað hafa komið til umræðu um kennaralið skólans á komandi kennsluári, en það mál hafi ekki verið útrætt. Hann kveður það skyldu skólastjóra að láta skólanefnd vita um breytingar á kennaraliði á komandi kennsluári. Sigurður kveður skólanefndarfund hafa verið haldinn um sumarið 1970 og hafi eina málið á þeim fundi verið að fjalla um umsækjendur um skólastjórastarfið. Kveðst hann hafa verið einn umsækjenda um það starf. Hann kveðst hafa ætlað að mæta á fundinum, en kveður sér hafa verið meinað það af menntamálaráðuneytinu. Sigurður kveður Jón R. Hjálmarsson hafa verið skipaðan skólastjóra Skógaskóla snemma í júlí 1970. Á milli þeirra Jóns og Sigurðar kveður Sigurður ekkert hafa farið um væntanlegt skólahald haustið 1970. Er hann lét af skólastjórn 1. september 1970, kveður Sigurður sér ekki hafa verið kunnugt um annað en stefnandi yrði áfram handavinnukennari við skólann, enda hafi ekki verið búið að auglýsa starf hennar, og kveðst hann því hafa hlotið að mega treysta því, að skólanefndarformaður hefði gengið frá endurráðningu, setningu eða skipun við fræðslumálastjóra stefnanda til handa. Sigurður kveðst síðast hafa verið í Skógum 3. september, en kveður Jón R. Hjálmarsson hafa komið þangað seint um haustið. Er hann tók við stjórn Skógaskóla í október 1968, kveður Sigurður Jón R. Hjálmarsson hafa verið búinn að ráða kennara og annað starfsfólk og ráðstafa húsnæði til þessa fólks, og kveðst Sigurður hafa talið sig bundinn af því. Varðandi húsnæði skólans skýrði Sigurður svo frá, að við byggingu skólahússins hafi ekki verið séð fyrir húsnæði fyrir stúlkur í mötuneyti. Það hafi því orðið að útbúa herbergi fyrir þessar stúlkur úr sal mötuneytis-

ins og einnig hafi stúlka búið í herbergi, sem kallað sé ráðskonuherbergi, þar sem ráðskona hafi búið í upphafi um nokkurra ára skeið. Hann kveður ráðskonuna svo í nokkur ár hafa búið í öðru herbergi íbúðar þeirrar, sem stefnandi hafði einnig afnot af. Varðandi fyrirætlanir sínar um húsnæði fyrir ráðskonuna, ef stefnandi hefði fengið bæði herbergi íbúðarinnar til afnota fyrir sig, hefur Sigurður skýrt svo frá, að á næstu hæð fyrir neðan hafi verið tvö herbergi, þar sem ráðskonan hafði áður búið með fjölskyldu sinni. Kveðst hann hafa haft annað þessara herbergja sem skólastjóraherbergi, en í hinu herberginu kveður hann kennara hafa búið frá því í janúar 1970 og til loka þess skólaárs. Kveður hann fyrirhugað hafa verið, að þetta herbergi yrði notað sem bókaherbergi. Kveðst Sigurður hafa haft áætlanir um það að afsala sér skólastjóraherberginu og láta ráðskonunni í té bæði þessi herbergi, en einnig hafi sá möguleiki verið fyrir hendi, að ráðskonan fengi þriggja herbergja íbúð í austurenda, þar sem stærðfræði- og eðlisfræðikennari bjó áður. Kveður Sigurður, að staðið hafi til að lagfæra þessa íbúð, en hún hafi verið vel íbúðarhæf. Hann kveður þetta hafi haldizt í hendur við það, hvort fjölskyldumaður eða einhleypur maður yrði ráðinn stærðfræði- og eðlisfræðikennari. Sigurður kveður sér kunnugt um það, að stærðfræði- og eðlisfræðikennari skólaárið 1970—1971 hafi verið einhleypur maður og hafi hann búið í herbergi því, sem fyrirhugað var sem bókaherbergi.

Vitnið Jón Rafnar Hjálmarsson, skólastjóri Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að er skólaárið hófst 1970, hafi ekkert legið fyrir frá skólanefnd skólans um kennaralið skólans og hafi hann því gengið út frá því, að kennaraliðið væri óbreytt. Kveðst hann ekki hafa vitað annað en að stefnandi væri kennari við skólann, svo sem hún hafði verið tvö undanfarin ár. Eftir að hann var skipaður skólastjóri árið 1970, kveður Jón þá Sigurð, fyrrverandi skólastjóra, ekki hafa hitzt eða ræðzt neitt við með öðrum hætti. Eftir að hann fluttist austur að Skógum upp úr 20. september, kveðst hann hafa frétt á fræðslumálaskrifstofunni, að stefnandi væri ekki ráðin að skólanum. Jón kveðst hafa reynt að hafa samband við hana til að fá að vita, hvernig á þessu stæði. Kveður hann sér hafa tekizt að koma boðum til hennar um það, að hann þyrfti að tala við hana. Jón kveður stefnanda ekki hafa talað við sig, fyrr en hún kom að Skógum laugardaginn 26. september, og hafi hún þá virzt undrandi á því, að hún hefði ekki verið endurráðin að skólanum. Kveðst Jón hafa lofað stefnanda, að hún mætti

treysta því, að þessu yrði kippt í lag næsta mánudag. Jón kveður stefnanda hafa beðið sig um að breyta nokkuð og hagræða stundaskrá sinni frá því, sem verið hafði, þar sem það kæmi henni betur. Kveðst hann hafa lofað að gera þær breytingar. Þá kveður hann stefnanda hafa talað um, að hún ætti erfitt með að byrja kennslu, um leið og nemendur kæmu, en þeir hafi átt að koma sunnudaginn 4. október. Kveðst hann hafa fallizt á, að hún þyrfti ekki að mæta um leið og þeir, en hann kveðst hafa beðið hana um að reyna að koma um miðja þá viku. Þá kveður hann stefnanda hafa spurt, hvort hún fengi ekki alla þá íbúð til afnota, sem hún hafði haft að hluta áður, þar sem fyrrverandi skólustjóri hefði lofað henni því. Kveðst Jón hafa sagt stefnanda eins og var, að það gæti hann ekki gert fyrir hana, en hún skyldi fá sömu húsnæðis- aðstöðu og hún hafði haft, þ. e. allstórt herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði og geymslu. Kveðst hann ekki hafa fyrr en þarna heyrt, um hvað henni og fyrrverandi skólustjóra hafi farið á milli varðandi húsnæðið. Kveðst hann því ekki hafa getað tekið tillit til þess, er hann var að ráða starfsfólk til mótuneytis. Kveðst Jón hafa látið orð falla um það, að það væri hæpið, að fyrrverandi skólustjóri gæti ráðstafað húsnæði þannig fram í tímann án þess að láta sig vita af því einu orði. Kveðst hann líka hafa reynt að benda stefnanda á, að húsnæði það, sem hún hafði haft, mundi einnig duga henni þetta skólaár. Kveður hann sér hafa virzt hún taka þessu sæmilega vel og hafi talið, að allt mundi blessast. Jón kveður skólanefnd Skógaskóla hafa haldið fund sunnudaginn 27. september. Kveðst hann hafa lagt þar eindregið til, að stefnandi yrði ráðin áfram kennari við skólann, og hafi skólanefnd samþykkt það einróma og fært til bókar.

Björn Fr. Björnsson, formaður skólanefndar Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að hinn 1. september 1968 hafi Sigurður K. G. Sigurðsson tekið við starfi skólustjóra Skógaskóla og hafi hann verið settur um eins árs skeið. Með bréfi, dags. hinn 22. ágúst 1969, hefði fræðslumálastjórinn tilkynnt skólanefndinni, að menntamálaráðuneytið hefði sett Sigurð skólustjóra enn um eins árs skeið, þ. e. til 1. september 1970. Með bréfi fræðslumálastjóra, dags. hinn 25. ágúst 1969, hafi svo skólanefndinni verið tilkynnt, að menntamálaráðuneytið hefði ákveðið að auglýsa skólustjóra-embættið laust til umsóknar vorið 1970. Auglýsing um það hafi svo verið birt í marz 1970. Björn kveður skólanefndina hafa komið saman til fundar að afloknum skólaslitum 30. maí 1970 og hafi Sigurður skólustjóri tekið þátt í þeim fundi. Ekki kveður Björn

Sigurð þar hafa minnzt á stefnanda eða hennar mál. Kveður Björn Sigurð ekki hafa rætt við sig um mál stefnanda, og kveðst hann ekki hafa haft hugmynd um, hvort stefnandi óskaði að starfa áfram við skólann fyrr en í áliðnum september 1970, er Jón R. Hjálmarsson skólastjóri hafi borið fram erindi stefnanda um endurráðningu og fylgt því eftir. Á fundi skólanefndarinnar hinn 26. september 1970 hafi stefnandi fengið meðmæli nefndarinnar. Í þeim tilvikum, að kennari hafi verið ráðinn við skólann eða settur á sama hátt og stefnandi til ákveðins tíma, þá hafi það verið venja, að viðkomandi kennari óskaði eftir áframhaldandi vist við skólann, setningu eða skipun. Björn kveður skólann útvega kennurum húsnæði og greiði þeir leigu fyrir það. Hann kveður vandræði hafa verið með það fram eftir öllu að koma kennurum fyrir vegna þrengsla sökum vaxandi nemendafjölda. Kveður hann skólanefndina ekki hafa haft afskipti af ráðstöfunum skólastjóranna á húsnæði til kennara.

Í stefnu og greinargerð eru kröfur stefnanda byggðar á því, að með stefnanda og Sigurði K. G. Sigurðssyni skólastjóra, sem verið hafi réttur samningsaðili af hálfu stefndu, hafi stofnast bindandi samningur um ráðningu hennar sem kennara við skólann kennslutímabilið 1970—1971 og hafi það verið þáttur í samningsgerð þessari, enda forsenda af hálfu stefnanda, að stefnandi fengi til afnota tveggja herbergja íbúð á annarri hæð skólahússins. Samningur þessi hafi verið rofinn með ólögmætum hætti og jafngildi það ólögmætri uppsögn og sé það á ábyrgð stefndu. Því eigi stefnandi rétt á launum allan þann tíma, sem hún var ráðin, eða í eitt ár frá 1. september 1970 að telja. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ekki skipti máli, þótt nýr maður tæki við starfi skólastjóra í upphafi kennslutímabilsins 1970. Hafi umboð Sigurðar K. G. Sigurðssonar sem skólastjóra ekki verið takmarkað og því hafi samningurinn um húsnæðið ekki verið fyrir utan umboð hans.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að ekki sé nein lagaskylda að láta kennurum í té húsnæði í héraðsskólum, þótt það sé oft gert, eftir því sem á standi hverju sinni. Slíkt heyri þó algerlega undir ráðstöfunarvald skólanefnda. Er því haldið fram, að jafnvel þótt skólastjórinn hafi lofað stefnanda auknu húsnæði, sem þó sé mót-mælt sem ósönnuðu, þá sé slíkt loforð ógilt og ekki bindandi, eins og hér stóð á, enda hafi skólastjórinn, sem aðeins hafi verið settur, alls ekki getað ráðstafað húsnæði skólans fram í tímann án samráðs við skólanefndina. Er því haldið fram, að það hafi verið stefnandi, sem hafi rift starfssamningi sínum sem kennari við skólann,

og geti hún því ekki haft uppi neinar kröfur á hendur stefndu. Varakrafa stefndu er byggð á því, að til frádráttar bótum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar, beri að draga tekjur, sem hún hafi haft á tímabilinu.

Skógaskóli er gagnfræðaskóli, sbr. lög nr. 48/1946. Stefnandi hafði verið stundakennari við skólann kennslutímabilið 1968—1969. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. hinn 28. ágúst, var stefnandi sett kennari við skólann um eins árs skeið frá 1. september 1969 að telja. Fékk hún laun sín greidd úr ríkissjóði. Í lok kennslutímabils vorið 1970 var afráðið með stefnanda og þáverandi skólastjóra, að hún héldi kennarastöðu sinni við skólann, og setti stefnandi þá fram það skilyrði og forsendu fyrir áframhaldandi kennarastarfi sínu við skólann, að hún fengi til afnota tveggja herbergja íbúð, eins og lýst hefur verið. Eigi er í ljós leitt, að skólastjórinn hafi skýrt formanni skólanefndar frá þessu, og eigi mun skólanefndin hafa kynnt sér sérstaklega, hversu háttáð yrði kennaramálum skólans næsta kennslutímabil. Féll stefnandi af launaskrá hjá ríkisféhirði frá og með 1. september 1970, en á fundi skólanefndarinnar hinn 27. september 1970 mælti nefndin með því, að stefnandi yrði sett kennari við skólann um eins árs skeið. Þrátt fyrir áskorun af hálfu stefndu hefur ekki verið upplýst, hverjar tekjur stefnandi hefur haft 1. september 1970—1. september 1971. Það var ekki á valdi Sigurðar K. G. Sigurðssonar skólastjóra að samþykkja það sem bindandi skilyrði fyrir setningu eða skipun stefnanda í kennarastarfið, að hún fengi ákveðið húsnæði til afnota. Verður því eigi jafnað til fyrirvaralausrar uppsagnar, að eigi var gengið að þessu skilyrði. Verða stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson hefur farið með mál þetta og dæmt sem setudómari samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. júní 1971, en með úrskurði, uppkveðnum hinn 23. apríl 1971, vék hinn reglulegi dómari sæti.

Dómsorð:

Stefndu, skólanefnd Skógaskóla og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðnýjar Helgadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.